

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar, Glæsibær.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. júní 2020 breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. apríl 2020.

Í breytingunni felst að landgræðslu- og skógræktarsvæði á jörðinni Glæsibæ er minnkað og þess í stað gert ráð fyrir íbúðarbyggð og efnistökusvæði. Stefna um svæði fyrir samfélagsþjónustu, Glæsibæjarkirkja, er útfærð nánar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. júní 2020.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2020